

**7. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

**8. gr.**

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

**9. gr.**

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 75, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 15. maí 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

**ARÐSKRÁ****Veiðifélags Selár í Vopnafirði.**

Aðalfundur Veiðifélags Selár í Vopnafirði, haldinn að Torfastöðum 26. 10. 1974, samþykkir eftirfarandi arðskrá fyrir félagið:

Hauksstaðir .....	1.0
Rjúpnafell .....	3.2
Fremri-Hlíð .....	1.9
Ytri-Hlíð .....	2.1
Vakursstaðir .....	1.6
Fagurhóll .....	5.0
Lýtingsstaðir .....	4.3
Breiðamýri .....	4.9
Fremri-Nýpur .....	8.0
Ytri-Nýpur .....	17.6
Hámundarstaðir .....	4.6
Hvammgerði .....	4.6
Hróaldsstaðir .....	18.4
Áslaugarstaðir .....	5.4
Leifsstaðir .....	2.7
Þorvaldsstaðir .....	9.7
Hamar .....	3.7
Mælifell .....	1.3

**100.0%**

Arðskrá þessi tekur gildi 1. janúar 1976.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 15. maí 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

27. maí 1975.

Nr. 229.

## **FJALLSKILASAMÞYKKT**

fyrir Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað.

### **I. KAFLI**

**Um stjórn fjallskilamála.**

#### **1. gr.**

Hreppar Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi. Kaupstaðurinn og hver hreppur innan fjallskilaumdæmisins er sérstök fjallskiladeild. Sýslunefnd getur heimilað sameiningu tveggja eða fleiri fjallskiladeilda, óski viðkomandi sveitarstjórnir eftir sameiningu að undangengnu fundarsamþykki meiri hluta fjallskilaskyldra aðila í hverri eða hvorri fjallskiladeild, enda hafi verið boðað til fundarins með dagskrá.

#### **2. gr.**

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í fjallskilaumdæminu, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild.

#### **3. gr.**

Oddviti sveitarstjórnar annast stjórn fjallskilamála í sinni fjallskiladeild, en heimilt er sveitarstjórn að fela öðrum það verk. Skal hún þá að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum kjósa mann, og annan til vara, til þess að hafa á hendi framkvæmd fjallskilamála fjallskiladeildarinnar undir yfirstjórn sveitarstjórnar og nefnist hann fjallskilastjóri.

Þar sem fjallskiladeildir hafa verið sameinaðar, er sveitarstjórnnum skylt að kjósa fjallskilastjóra á sameiginlegum fundi. Fáí tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fjallskilastjóri skal sjálfur vera við aðalrétt í hvert skipti, sem þar er réttað, stjórnna sundurdrætti og ráða þar réttarrúmi öllu.

Heimilt er sveitarstjórn að fela fjallskilastjóra bókhald allt fjallskilanna vegna og innheimtu á fjallskilagjöldum.

Fjallskilastjóra ber þóknun fyrir störf sín úr hrepps- eða bæjarsjóði.

### **II. KAFLI**

**Um bókhald og fjallskilasjóði.**

#### **4. gr.**

Í hverri fjallskiladeild ber að halda fjallskilabók staðfesta af oddvita sýslunefndar. Í hana skal rita allt það, sem máli skiptir um afréttar- og fjallskilamál í deildinni. Sýslunefnd semur skrá yfir allar afréttir innan deildarinnar og þar skal lýst merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hverja afrétt, svo og hverjir séu afréttareigendur. Þá ber að skrá allar breytingar á afréttum og réttindum yfir þeim.